# Laugardagur 12. ágúst

## SJÓNVARPIÐ

13.35 **Liverpool – Arsenal.** Bein útsending frá leik liðanna um Góðgerðarskjöldinn (Charity Shield) á Wembley-leikvanginum í Lundúnum. Með fyrirvara.
16.00 **Íþróttaþátturinn.** Sýndar eru svipmyndir frá íþróttaviðburðum vikunnar og fjallað um Íslandsmótið í knattspyrnu. Einnig verður bein útsending frá Bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands.
18.00 **Dvergaríkið (8)** (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
18.25 **Bangsi bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Árnason.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
20.20 **Magni mús** (Mighty Mouse). Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
20.35 **Lottó** framhald.
20.40 **Réttan á röngunni.** Gestaþraut í sjónvarpssal. Í þessum þætti verða nöfn frægra Íslendinga á bakhlið reitanna en þeir sem keppa eru fulltrúar Húsmæðraskólasystra og Hjartaverndar. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
21.10 **Á fertugsaldri** (Thirtysomething). Bandarískur myndaflokkur um nokkra vini sem hafa þekkst síðan á skólaárunum en eru nú, hver um sig, að basla í lífsgæðakapphlaupinu. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
22.00 **Ævintýrið um Darwin** (The Darwin Adventure). Bresk bíómynd frá árinu 1971. Leikstjóri Jack Couffer. Aðalhlutverk Nicholas Clay, Susan Macready og Ian Richardson. Myndin greinir frá lífi og starfi Darwins, allt frá því er hann siglir, rúmlega tvítugur, til Galapagoseyja til þess er hann birtir niðurstöður sínar um uppruna tegundanna, þá aldinn að árum. Þýðandi Óskar Ingimarsson.
23.30 **Villigæsir** (Wild Geese II). Bandarísk bíómynd frá árinu 1985. Leikstjóri Peter Hunt. Aðalhlutverk Scott Glenn, Barbara Carrera, Edward Fox og Laurence Olivier. Málaliða er falið að aðstoða Rudolf Hess við að flýja úr Spandau-fangelsinu. Þýðandi Reynir Harðarson. Atriði í myndinni eru alls ekki við hæfi barna.
1.20 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



## STÖÐ 2

9.00 **Með Beggu frænku.** Jæja, krakkar, þá er ég komin aftur. Eigum við ekki að horfa á teiknimyndirnar **Óskaskóginn, Lúlla tígrisdýr, Olla og félaga, Snorkana og Maju býflugu?** Myndirnar eru allar með íslensku tali.
10.30 **Jógi.** Teiknimynd.
10.50 **Hinir umbreyttu.** Teiknimynd.
11.15 **Fjölskyldusögur.** After School Special. Leikin barna- og unglingamynd.
12.10 **Ljáðu mér eyra...** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt.
12.35 **Lagt í'ann.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum sunnudegi.
13.00 **Rútan rosalega.** Big Bus. Hver stórmyndin á fætur annarri er tætt niður og skrumskæld á meinhæðinn hátt. Aðalhlutverk: Joseph Bologna, Stovkard Channing, John Beck, Jose Ferrer, Larry Hagman og Sally Kellerman.
14.25 **Viðskiptahallir.** Das World Financial Center in New York. Þar sem lítið er um byggingarlóðir fyrir nýjar viðskiptahallir á Wall Street hafa yfirvöld New York og New Jersey úthlutað nýju landrými þar sem unnt verður að reisa nýjar byggingar í kringum viðskiptin.
15.10 **Þeir bestu.** Top Gun. Vegna fjölda áskorana hefur Stöð 2 ákveðið að sýna aftur þessa toppmynd. Aðalhlutverk: Tom Cruise, Kelly McGillis, Anthony Edwards og Tom Skerritt. Leikstjóri: Tony Scott.
17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Heilar tvær klukkustundir af úrvalsíþróttaefni, bæði innlendu og erlendu. Umsjón Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
19.19 **19:19.** Stöð 2 1989.
20.00 **Líf í tuskunum.** Rags to Riches. Nýr framhaldsþáttur, upplagður fyrir alla fjölskylduna. Fjallar um milljónamæringinn Nick Foley og samskipti hans við allar sex munaðarlausu stúlkurnar sem hann gengur í föðurstað. Aðalhlutverk: Joseph Bologna.
20.55 **O'Hara.** Litli, snarpi lögregluþjónninn og gæðablóðin hans koma mönnum í hendur réttvísinnar þrátt fyrir sérstakar aðfarir. Aðalhlutverk: Pat Morita og Kevin Conroy.
21.45 **Reiði guðanna.** Rage of Angels. Vel gerð spennumynd í tveimur hlutum sem gerð er eftir samnefndri metsölubók rithöfundarins heimsfræga, Sidney Sheldon. Jaclyn Smith leikur Jennifer Parker, ungan lögfræðing sem kemur til New York til þess að vinna. Þegar hún er að vinna að sínu fyrsta máli, sem tengist mafíunni, kemur hún óafvitandi óæskilegri sendingu til lykilvitnisins. Aðalhlutverk: Jennifer Parker, Adam Warner, Michael Moretti og Ken Bailey.
23.10 **Herskyldan.** Nam, Tour of Duty. Spennuþáttaröð um herflokk í Víetnam. Aðalhlutverk: Terence Knox, Stephen Caffrey, Joshua Maurer og Ramon Franco.
24.00 **Beint í hjartastað.** Mitten ins Herz. Anna er ósjálfstæð ung stúlka í leit að fótfestu í lífinu. Dag nokkurn kynnist hún manni, tuttugu árum eldri en hún sjálf. Samband þeirra hefur afdrifaríkar afleiðingar fyrir Önnu.



## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Gunnar Kristjánsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Góðan dag,** góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.05 **Litli barnatíminn á laugardegi:** Laxabörnin eftir R.N. Stewart. Þýðing: Eyjólfur Eyjólfsson. Irpa Sjöfn Gestsdóttir les (2). Hrafnhildur veiðikló fer á veiðar. Umsjón: Gunnvör Baga.
9.20 **Sígildir morguntónar** – Boccherini, Brahms og Leopold Mozart.
9.35 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
9.45 **Innlent fréttayfirlit vikunnar.**
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.** .
10.30 **Fólkið í Þingholtunum.** Fjölskyldumynd eftir Ingibjörgu Hjartardóttur og Sigrúnu Óskarsdóttur. Flytjendur: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Halldór Björnsson og Þórdís Arnljótsdóttir. Stjórnandi: Jónas Jónasson.
11.00 **Tilkynningar.**
11.05 **Í liðinni viku.** Umsjón: Sigrún Stefánsdóttir.
12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin. Tilkynningar.
13.30 **Á þjóðvegi eitt.** Sumarþáttur með fróðlegu ívafi. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir og Ómar Valdimarsson.
15.00 **Þetta vil ég heyra.** Leikmaður velur tónlist að sínu skapi.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Sumarferðir Barnaútvarpsins** – Á lundaveiðum í Vigur. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Leikandi létt.** – Ólafur Gaukur.
18.00 **Af lífi og sál** – Postulínsmálun. Erla B. Skúladóttir ræðir við Sæmund Sigurðsson og Sigríði Þórðardóttur um sameiginlegt áhugamál þeirra. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Ábætir.** ●Arthur Moreira Lima leikur á píanó tvo tangóa eftir Ernesto Nazareth. ●Carl Johan Falkman syngur tvö lög eftir Evert Taube. ●Hljómsveitin Sinfóníetta í Lundúnum og söngvarar flytja þrjú lög; Simon Rattle stjórnar.
20.00 **Sagan:** Ört rennur æskublóð eftir Guðjón Sveinsson. Pétur Már Halldórsson les (11).
20.30 **Vísur og þjóðlög.**
21.00 **Slegið á léttari strengi.** Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum. (Frá Egilsstöðum)
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** ●Ragnheiður Guðmundsdóttir syngur lög eftir Þorvald Blöndal og Bjarna Þorsteinsson. Guðmundur Jónsson leikur með á píanó. ●Svala Nielsen syngur lög eftir Garðar Cortes, Árna Björnsson, Elsu Sigfúss og Bjarna Böðvarsson. Guðrún Kristinsdóttir leikur með á píanó.
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.** .
22.20 **Dansað með harmóníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarpshúsinu. (Áður útvarpað sl. vetur.) Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
23.00 **Dansað í dögginni.** – Sigríður Guðnadóttir (Frá Akureyri).
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Svolítið af og um tónlist undir svefninn.** Tónlist fyrir strengjasveit eftir Dag Wirén og Carl Nielsen og Sumarnætursöngvar og Gangan að Paradísar-garðinum eftir Felix Delius. Jón Örn Marinósson kynnir.
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

8.10 **Á nýjum degi** með Pétri Grétarssyni.
10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Kæru landsmenn.** Íþróttafréttamenn fylgjast með og lýsa síðari hálfleik leikja; KR-KA og ÍA-Fylkis Berglind Björk Jónasdóttir og Ingólfur Margeirsson.
17.00 **Fyrirmyndarfólk** lítur inn hjá Lísu Pálsdóttur, að þessu sinni Sigrún Proppé listmeðferðarfræðingur.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
00.10 **Út á lífið.** Skúli Helgason ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

02.00 **Fréttir.**
02.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Bjartmar Guðlaugsson tónlistarmann sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á Rás 1.)
03.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Úr gömlum belgjum.**
07.00 **Morgunpopp.**
07.30 **Fréttir á ensku.**

## FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Pétur Steinn Guðmundsson.** Pétur segir hlustendum hvernig best sé að grilla pylsur.
13.00 **Opin dagskrá.** Allt dagskrárgerðarfólk Bylgjunnar á vakt og hefur samband við útisamkomur.
18.00 **Áframhaldandi upplýsingaflæði.** Tónlist og fleira.
24.00 **Hafþór Freyr** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6". Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
3.00 **Næturdagskrá.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson. Fjör við fóninn.** Hress en þægileg tónlist í morgunsárið.
13.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** tekur völdin á laugardegi með miklum látum. Upplýsingamiðstöð alla helgina á Stjörnunni. Bibba á klukkutíma fresti.
19.00 **Kristófer Helgason.** Stuðtónlist frá öllum tímum.
24.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson.** Næturvakt sem getur fengið Heklu til að gjósa á ný. Óskalög og kveðjur.
á næturvaktina, næturvakt sem segir „6". Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.

## Rót ÚTVARP FM 106,8

10.00 **Miðbæjarsveifla.** Útvarp Rót kannar mannlífið í miðbæ Reykjavíkur og leikur fjölbreytta tónlist að vanda.
15.00 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil.
17.00 **Um Rómönsku Ameríku.** Mið-Ameríkunefndin.
18.00 **Upp og ofan.** Halldór Carlsson.
19.00**Flogið stjórnlaust.** Darri Ásbjarnarson.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjón Árna Freys og Inga.
21.00 **Síbyljan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt** með Arnari Þór Magnússyni.

## EFFEMM 95,7

7.00 **Felix Bergsson.**
12.00 **Steinunn Halldórs.**
15.00 **Á laugardegi.**Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson.
18.00 **Kiddi Bigfoot. „Partí – ball."**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## SKY CHANNEL

5.00 **Poppþáttur.**
6.00 **Gríniðjan.** Barnaþættir.
10.00 **Íþróttaþáttur.**
11.00 **Fjölbragðaglíma.**
12.00 **The Saint's Girl Friday.** Kvikmynd.
14.00 **Veröld Franks Bough.** Heimildarmyndaflokkur.
15.00 **50 vinsælustu lögin.**
16.00 **Lítil kraftaverk.** Gamanþáttur.
16.30 **The Bionic Woman.** Spennumyndaflokkur.
17.30 **Those Amazing Animals.**
18.30 The Love Boat. Gamanmyndaflokkur.
19.30 **The Reivers.** Kvikmynd.
21.30 **Fjölbragðaglíma.**
22.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

13.00 **Call of the Wild.**
15.00 **Ernest Goes to Camp.**
17.00 **The Purple Rose of Cairo.**
19.00 **The Mission.**
21.00 **Dillinger.**
22.45 **Tin Men.**
00.40 **The Hitchhiker.**
01.05 **Lisztomania.**
03.00 **Chariots of Fire.**

## EUROSPORT

9.30 **Golf.** Benson og Hedges.
11.30 **Hafnabolti.** Hafnabolti. Leikir úr amerísku deildinni.
12.30 **Hrossasýning í Dublin.**
13.30 **Rugby.** Spennandi keppni úr áströlsku deildinni.
14.30 **Heimsleikar.**
15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
16.00 **Bogfimi.**
16.30 **Seglbrettakeppni.**
17.00 **Hjólreiðar.**
18.00 **Hrossasýning í Dublin.**
19.00 **Knattspyrna.**
20.00 **Golf.** Benson og Hedges.
22.00 **Hjólreiðar.**

## SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
9.00 **Tónlist og tíska.**
10.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
10.30 **Tónlist og tíska.**
11.00 **Hollywood Insider.**
11.30 **Tónlist og tíska.**
12.00 **Flame Trees of Thika.**
13.00 **Carry on Laughing and the Goodies.**
14.00 **Wanted Dead or Alive.** Vestri.
14.30 **Tónlist og tíska.**
15.00 **Dick Turpin.** Ævintýramynd.
15.30 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
16.30 **Íþróttir.**
17.30 **Tískuþáttur.**
18.00 **Santa Fe Trail.** Kvikmynd.
20.00 **Saint in Manhattan.**
20.55 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur.
21.25 **Next of Kin.** Kvikmynd.

## Sjónvarp kl. 22.00:

# Darwin

Charles Darwin var ungur maður þegar hann sigldi með Beagle, herskipi bresku krúnunnar, til Suður-Ameríku árið 1831. Tilgangur ferðarinnar var að gera sjókort af siglingaleiðum meðfram ströndum álfunnar.

Skipstjóri Beagles var trúaður maður og ól með sér þann draum að Darwin, sem á þessum árum lagði stund á guðfræði, myndi staðfesta í eitt skipti fyrir öll að frásögn Biblíunnar um sköpun heimsins væri rétt.



**Darwin horfir yfir borðstokk Beagles, rannsóknarskips bresku krúnunnar.**

Ferðalag skipsins stóð í fimm ár og á þeim tíma rannsakaði Darwin dýra- og jurtalíf. Rannsóknirnar sannfærðu hann um að lífið á jörðinni væri afrakstur hægfara þróunar en ekki til komið svona allt í einu. Skipstjóri er að vonum óhress og sakar Darwin um guðlast og trúvillu. Allir vita hins vegar hvort sjónarmiðið sigraði.

Darwin er leikinn af Nicholas Clay og aðrir leikarar eru Susan Macready, Ian Richardson og Christopher Martin. Leikstjóri er Jack Couffer.

## Útvarp Rót – Af vettvangi baráttunnar:

# Hvað er að gerast í Kína?

Í þættinum Af vettvangi baráttunnar í dag verður meðal annars rætt við íslenska námsmenn sem dvalist hafa í Kína á undanförnum árum. Hvers vegna stunda Íslendingar háskólanám í Kína og hvernig er að búa þar? Ætlið þið aftur til Kína? Kunnið þið skýringu á átökunum sem verið hafa í Kína á undanförnum árum? Slíkar spurningar verða ræddar. Einnig verður í þættinum spjallað við fólk sem var að koma frá Brasilíu og tók þar þátt í stofnun Alþjóðasamtaka græningja.

## Stöð 2 kl. 23.10:

# Herskyldan

Það er alltaf hópur sjónvarpsáhorfenda sem hefur gaman af stríðsmyndum. Áður fyrr voru þættir er gerðust í síðari heimsstyrjöldinn daglegt brauð á skjánum hjá þeim er horfðu á Keflavíkursjónvarpið forðum daga. Nú er það Vietnamstríðið sem fær hetjuumfjöllun í þáttaröðinni Herskyldan sem Stöð 2 sýnir á laugardagskvöldum. Aðalpersónurnar eru hópur manna er mynda sveit eina er nefnist Bravo Company. Þá er einnig fylgst með störfum sjúkraliða og blaðamanna.



**Mikið er um skæruhernað í þáttaröðinni Herskyldan er gerist í Vietnamstríðinu.**

Þar sem þættir þessir eru gerðir af Bandaríkjamönnum fyrir bandarískan markað þá er einhliða hetjudýrkun nokkuð mikil og skýrar línur dregnar á milli hverjir eru hinir góðu og hverjir hinir vondu. En þannig hefur þetta alltaf verið. Í eldri sjónvarpsmyndaflokkunum voru það nasistar nú eru það Vietcong skæruliðar sem eru vondu mennirnir. -HK

## Sjónvarp kl. 23.30:

# Villigæsir

Lokamynd Sjónvarpsins er eins konar framhald samnefndrar myndar um hóp málaliða sem fara til Afríku að berja á heimamönnum fyrir „góðan" málstað. Nú halda mennirnir sig á heimaslóðum í Evrópu.



**Laurence Olivier í hlutverki Rúdolfs Hess.**

Bandarískur sjónvarpsstjóri, sem hefur mikinn áhuga á að ná í frétt ársins, ræður eftirlýstan málaliða til að brjótast inn í Spandau fangelsið í Berlín og frelsa Rúdolf Hess, staðgengil Hitlers, sem þar hírðist í áratugi. Málaliðanum og félögum hans verður þó ekki kápan úr því klæðinu og uppátæki þeirra hefur hinar alvarlegustu afleiðingar.

Meistari Laurence Olivier leikur Hess en meðleikendur hans eru Edward Fox, Barbara Carrera og Scott Glenn. Leikstjóri er Peter Hunt.

Maltin er nokkuð hress með afurðina og gefur myndinni tvær stjörnur.